

Fyrirspurn

til umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra um verndar- og orkunýtingaráætlun.

Frá Ingibjörgu Isaksen.

1. Stendur yfir endurskoðun á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun, nr. 48/2011, að hluta eða í heild, í samræmi við ábendingu meiri hluta umhverfis- og samgöngunefndar, sbr. nefndarálit meiri hlutans á þingskjali 1210 í 332. máli 152. löggjafarþings?
2. Hvenær áformar ráðherra að þeirri vinnu ljúki?

Skriflegt svar óskast.